

Nd.

27. Frumvarp til laga

[27. mál]

um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Starfa skal samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Tilgangur hennar er að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á vandamálum og verkefnum kirkjunnar, svo og eflingu kristni og auknum trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Samstarfsnefndina skipa af hálfu Alþingis forseti sameinaðs þings og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, en af hálfu þjóðkirkjunnar kirkjuráð.

Forseti sameinaðs þings og biskup landsins fara með formennsku nefndarinnar sitt árið hvor.

3. gr.

Samstarfsnefndin getur annars vegar sent ályktanir og tillögur til Alþingis eða einstakra nefnda þess, en hins vegar til kirkjuþings.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Starf þjóðkirkjunnar er með nokkrum blóma um þessar mundir. Framboð af ungu fólki til guðfræðináms og prestsstarfa er nægilegt, þar sem fyrir nokkrum árum var skortur. Kirkjur og félagsheimili kirkna rísa um land allt. Og það er álit kunnugra, að þjóðin leiti nú meir til kirkju og kristni í hamingjuleit og lífsstríði en lengi hefur verið.

Oft hafa kirkjunnar menn kvartað undan því, að Alþingi væri áhugalaust um málefni þjóðkirkjunnar og veitti lítið fé til starfsemi hennar. Þetta frumvarp er flutt til að koma til móts við þá gagnrýni og bæta sambúð þings og þjóðkirkju.

Sjaldan hefur fólki verið eins rík þörf á andlegri kjölfestu og innri friði og einmitt nú í bjargálna, ef ekki auðugu tækniþjóðfélagi. Er því rík ástæða til að styrkja eins og unnt er starfsemi kirkjunnar.